

Alþingi
Erindi nr. P 131/ 635
komudagur 17.12.2004

Íslensk Tónverkamiðstöð - ITM

Erindi ITM til Utanríkismálanefndar 2004

Umsögn um þingsályktunartillögu
131. löggjafarþing 2004-2005
Þskj.323 – 296.mál

Hlutverk ITM

Rétt er að benda á eftirfarandi:

- ITM geymir safn nótna af verkum íslenskra tónskálda, lífs og liðinna, og sér til þess að þau séu í flutningshæfu formi.
- Allt tónlistarstarf tengt flutningi íslenskrar, niðurritaðrar tónlistar hér heima og erlendis kemur með áþreifanlegum hætti inn á borð ITM í formi þjónustubeiðna.
- ITM er eina stofnunin á landinu sem sinnir nauðsynlegri þjónustu við flytjendur íslenskrar tónlistar.
- Hjá ITM er haldið utan um menningararfinn á sviði tónlistar og hann gerður aðgengilegur almenningi hvaðanæva.

Ástæða er til að ítreka hér almenna nauðsyn þess að efla stofnunina og gera henni kleift að sinna sínu fjölbætta hlutverki.



Íslensk tónverkamiðstöð
Iceland Music Information Centre
Síðumúla 34 * 108 Reykjavík * Iceland
Telephone: (+354) 568 3122 Fax: (+354) 568 3124
Netfang/E-mail: itm@mic.is – Veffang/Web site: www.mic.is

Desember 2004

Erindi frá Íslenskri tónverkamiðstöð

Stjórn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar fagnar þessari tillögu um aukna áherslu á kynningu á íslenskri listsköpun á vettvangi sendiskrifstofa Íslands um allan heim.

Eftirfarandi athugasemdir lúta að málfari og efnislegum áherslum í greinargerðinni sem fylgir tillögunni. Nokkuð er um endurtekningar í greinargerðinni er ekki verða gerðar frekari athugasemdir við það.

Í fyrstu málsgrein er málfar óljóst.

Eitt af hlutverkum þeirra er að sinna menningarmálum og er markviss kynning á íslenskri list og hönnun kjörinn vettvangur til þess.

Hugsanlega er betra að orða þetta þannig: “Eitt af hlutverkum sendiskrifstofanna er að sinna menningarmálum og eru þær kjörinn vettvangur fyrir markvissa kynningu á íslenskri list og hönnun.”

Hugsanlegt er í greinargerð sem þessari að tala ekki bara um markvissa kynningu heldur setja fram í grófum dráttum heildarmarkmið slíkrar kynningar.

Í annarri málsgrein er talað um aukin framlög til Listaháskóla Íslands.

Aukin framlög til Listaháskóla Íslands hafa styrkt stöðir lista og er mikil gróska í þeim sem nauðsynlegt er að hlúa vel að . . .

Tímalausara væri að tala um stofnun hans því framlög sveiflast bæði milli ára og eftir því við hvað er miðað.

Skömmu síðar eru ítrekaðir möguleikar á útflutningi.

Kynning á alþjóðavettvangi gæti haft í för með sér aukna eftirspurn og möguleika á markaðssetningu og útflutningi og er nauðsynlegt að nýta sem flestar leiðir til að koma hönnun og list á framfæri þar sem markaðir eru stærri og eru sendiskrifstofurnar vel til þess fallnar.

Þess er þó ekki getið aftur hversu íslensk listkynning er mikilvæg fyrir ímynd lands og þjóðar þannig að áherslan virðist færast yfir á framleiðslu á seljanlegri vöru. Hugsanlegt er að ræða um stór hljómsveitarverk sem seljanlega vöru en ekki er það þó almennt eða viðtekið.

Mælt er með því að leitast sé við að nota orðalag sem ekki útilokar tegundir listgreina eða sníður íslenskri listsköpun þrengri stakk en hún getur klæðst.

Málgrein um samstarf við söfn, samtök og stofnanir er minna trúverðug en ella vegna þess að þar er kosið að nefna eina kynningarstofu en sleppa öllum öðrum hugsanlegum og líklegum samstarfsaðilum.

Þá gætu sendiherrar, viðskiptafulltrúar og aðrir starfsmenn sendiskrifstofa unnið að því með söfnum, samtökum og samböndum innlendra listamanna og nýstofnaðri Kynningarmiðstöð Íslenskra myndlistar að nýta húsnæði sendiráða til sýninga og kynninga á list þeirra.

Betra væri að sleppa því að nefna viðkomandi stofnun eða telja fram fleiri samstarfsaðila.

Málgreinin um hönnun er góðra gjalda verð en jafnvægi í greinargerðinni er ekki gott.

Hönnun er eitt af fyrstu skrefum í framleiðslu og er hún því hentug fyrir einyrkja og minni fyrirtæki en íslensk fyrirtæki eru flest smá á alþjóðlegum mælikvarða og eiga því erfitt með að koma vöru sinni og list á framfæri erlendis. Þá er hönnun mikilvæg forsenda nýsköpunar í atvinnulífi og hvatning til vandaðrar hönnunar við vörubrúun og markaðsetningu eflir samkeppnishæfni í íslensku atvinnulífi og verðmætasköpun og ber árangur annarra þjóða vott um að hönnun og list eru verðmætar útflutningsvörur.

Betra væri að annað hvort sleppa þessari málgrein eða lengja greinargerðina verulega og setja frambærilegar málgreinar um allar listgreinar. Ekki nægir að segja “.hönnun og list .” í lok málgreinarinnar.

Hvort hænan kemur á undan egginu eða öfugt er hliðstæð spurningunni um það hvort kemur á undan atvinnulíf eða nýsköpun.

Með því yrðu stóðir atvinnulífs og nýsköpunar í landinu einnig styrktar.

Þó má færa rök fyrir því að nýsköpun skuli standa frammar í lokasetningu greinargerðarinnar eðli málsins samkvæmt.

Virðingarfyllt

Fulltrúar Íslenskrar tónverkamiðstöðvar

